

Greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis fyrir

Stakksbraut 9 ehf., Reykjanesbæ

Stakksbraut 9 ehf. (S9) hefur verið veitt starfsleyfi fyrir rekstur á kísilverksmiðju á lóðinni að Stakksbraut 9 á iðnaðarsvæðinu í Helguvík.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi á tímabilinu 16. apríl til 11. júní 2014.

Umhverfisstofnun hélt einnig opinn kynningarfund um tillöguna í Duushúsi í Reykjanesbæ þann 29.apríl s.l.

Með umsókninni fylgdi yfirlýsing Reykjaneshafnar um að skólplagnir frá lóðinni Stakksbraut 9 verði tengdar fráveitukerfi Reykjanesbæjar og muni þær standast ákvæði reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

Þrjár umsagnir bárust um tillöguna. Hér á eftir fylgir stuttur útdráttur úr þeim og viðbrögð Umhverfisstofnunar við umsögunum:

- Umsögn **Skipulagsstofnunar** er á þá leið að stofnunin hefði borið saman losunarmörk í tillögunni við losun samkvæmt matsskýrslu framkvæmdaraðila og telur hana rúmast innan hennar. Þá leggur stofnunin áherslu á að sameiginlegri umhverfsvöktun rekstraraðila á svæðinu verði komið á.
 - Umhverfisstofnun tekur undir umsögnina og telur einnig mikilvægt að komið verði á sameiginlegri vöktun á iðnaðarsvæðinu í Helguvík.
 - S9 hefur lýst sömu skoðun við Umhverfisstofnun hvað umhverfsvöktun varðar.
- Í umsögn **Thorsil ehf.** er lýst áhyggjum af útblæstri og gagnrýnt er að ekki sé gert ráð fyrir skorsteinum og sérstaklega neyðarskorsteinum. Þá koma fram áhyggjur af staðsetningu útblástursins hvað varðar hæð og einnig af niðurdrætti efnanna á sína lóð og þar með t.d. af vinnuumhverfi starfsmanna. Bent er á að hár hiti, góður útblásturshraði og háir skorsteinar tryggi betri loftdreifingu.
 - Útblásturinn mun verða á efra svæði lóðarinnar, en ekki því neðra. Hann mun því verða í tæplega 50 metrum yfir sjávarmáli og í um 22 metra hæð yfir landi.
 - Væntanlegur rekstraraðili (S9) hefur upplýst Umhverfisstofnun um að neyðarskorsteinar séu að hans mati óþarfir og áætla að nota loftsúhúsið án nokkurra undantekninga. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þá niðurstöðu.
 - Dreifing mengunarefna hefur verið reiknuð og gögn um hana fylgdu umsókninni og matsskýrslunni þegar framkvæmdin var til meðferðar hjá Skipulagsstofnun.
 - Ekki hafa því komið fram gögn sem breyta niðurstöðu loftdreifingarútreikninga.
- **Norðurál Helguvík ehf.** sendi inn umsögn um starfsleyfistillöguna ásamt þeirri umsögn sem félagið gerði um frummatsskýrslu þegar framkvæmdin var til meðferðar hjá Skipulagsstofnun. Í umsögninni kemur fram að félagið hafi áhyggjur af því að gögn málsins sýni að ekki sé þörf á þynningarsvæði fyrir brennisteinsdíoxíð frá verksmiðjunni. Bent er á að reynsla af losun um rjáfur pokahús vekir spurningar um þetta fyrirkomulag. Þá er vikið að hæðinni sem útblástur er losaður í eins og í athugasemd Thorsil ehf. Einning bendir Norðurál á að uppsöfnun brennisteinsdíoxíðs

nærri losunarstað hafi átt sér stað í kísilvinnslu á Grundartanga sem er tekið sem sambærilegt dæmi. Nefnt er að útblásturhraði og hiti séu mikilvægar forsendur fyrir dreifingu útblástursefna. Útblásturinn hjá Elkem á Grundartanga sé 2 m/s á meðan hann sé 1,1 m/s hjá S9 og hitinn sé 100 °C hjá Elkem á meðan S9 hafi gert grein fyrir 80 °C.

- Umhverfisstofnun hefur fengið þær upplýsingar hjá S9 að hitinn sé viljandi vanmetinn í þessum forsendum til að ekki yrði um vanmat á dreifingu útblástursefna í loftdreifingarlíkaninu. Hitinn verði líklega um það bil 150 °C.
 - Þessari athugasemd er einnig að nokkru leyti svarað hér á undan vegna athugasemdar Thorsil ehf.
- Norðurál Helguvík ehf. vísar einnig til þess að athugasemdum fyrirtækisins hjá Skipulagsstofnun hafi að hluta verið svarað þannig að haft yrði samstarf við Norðurál við vinnslu starfsleyfisins.
- Ekki verður séð að þetta atriði komi fram í endanlegri matsskýrslu með svörum við athugasemdum, eða í álitum Skipulagsstofnunar. Ekki eru heldur fordæmi fyrir slíku samstarfi, aðeins samstarfi aðila í mengandi rekstri um vöktunaráætlanir.

Nokkrar aðrar breytingar voru gerðar frá auglýstri tillögu. Nokkrar greinar voru endurskoðaðar, skýrleiki var aukinn, kröfur voru afmarkaðar nánar, lagatilvitnanir voru bættar og samræmdar betur við önnur starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Sett voru tímamörk til að ganga frá tryggingu vegna bráðamengunar. Mörk voru sett á losun kvikasilfurs, en ekki þótti rétt við nánari athugun að nota orðalagið „undir greiningarmörkum“ sem fram kom í starfsleyfistillögunni.

Umhverfisstofnun spurði sérstaklega um losun kvikasilfurs til lofts þegar verksmiðjan fór í umhverfismat. S9 taldi ekki í umhverfismatsskýrslu sinni að losun kvikasilfurs væri mælanleg stærð. Af þessari ástæðu var tillaga að starfsleyfi auglýst með orðalaginu „undir greiningarmörkum“ fyrir mörk á losun kvikasilfurs. Þegar málið kom til skoðunar vegna útgáfu starfsleyfis var ákveðið að setja losunarmörk á kvikasilfur í loft, sbr. grein 2.8 vegna losunar frá hráefnum, einkum kolum en áætlað er að um 70% af kvikasilfri sem getur verið í þeim verði að losun í gasfasa. Niðurstaða Umhverfisstofnunar er að miða losunarmörkin við raunlosun á kvikasilfri frá verksmiðju Elkem Thamshavn í Noregi og leiðréttu fyrir stærðarmun verksmiðjanna. Út frá þessu eru losunarmörkin 1,40 kg. af kvikasilfri á ári ákvörðuð í starfsleyfinu.

Starfsleyfi Stakksbrautar 9 ehf. gildir til 31. júlí 2030.